

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

43. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 7 NÓVEMBER 2014.

FUNDARGERÐ.

Mæting:

Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Eiríkur Sigurðsson, Sighvatur D Sighvatz, Guðrún S Berþórsdóttir, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Sigurður Sigurðsson, Jens H Ragnarsson, Helgi Jónsson, Einar Ág. Kristinsson.

Forföll: Jón Óskar Gunnlaugsson, Jón Ingi Skúlason, Andri Jóhannesson, Júlía Þórðardóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Staða kjaramála
3. Trúnaðarráðstefna RSÍ (Drög að dagskrá)
4. Tilnefning í sveinsprófsnefndir.
5. Skipan í starfshóp ASÍ vegna fréttamála.
6. Fastanefndir ASÍ.
7. Starfsmenntamál.
8. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþ. án athugasemda.

2. Staða kjaramála.

Engin breyting hefur orðið á stöðu kjaramála frá síðasta fundi. Óvíst er einnig hvernig menn ætla inni samningalotuna, í samfloti eða ekki. Eins er óvíst hvernig, og hvort hægt verður að móta samstöðu.

Á dögnum lækkaði Seðlabanki Íslands stýrivexti um 0,25% og seðlabankastjóri hótar því, að þeir verði hækkaðir aftur ef samið verður um óraunhæfar launahækkanir.

Það er ljóst að félagsmenn RSÍ vilja ekki fara sömu leið og síðast, heldur vilja helst semja sér. Hvort það tekst eða ekki á eftir að koma í ljós.

Það er með öllu óásættanlegt hvernig samstarf atvinnurekenda og verkalýðshreyfingar er í dag. Enginn samvinna né samstarfsvilji er milli aðila.

Búið er að boða fund með stjórnvöldum í næstu viku þar sem landslagið verður skoðað. Þetta er enginn samningafundur aðeins könnunarviðræður.

Flestar kröfugerðir RSÍ eru tilbúnar eða að verða það. Engar formlegar viðræður eru þó farnar á stað, eins og vilji var til af okkar hálfu.

Heyrst hefur að atvinnurekendur vilji gera hóflegan stuttan samning. (Hvað svo sem fellst í því)

Talsverðar umræður urðu um stöðu kjaramála almennt, og menn spáðu í framtíðina varðandi kjarasamningsgerðina.

Þá var rætt hvort rétt væri að vera með eina samninganefnd fyrir RSÍ hópinn eða halda núverandi fyrirkomulagi. Skiptar skoðanir voru um málið en engar ákvarðanir teknar.

Ljóst er að menn innan ASÍ eru mjög tvístígandi varðandi kjarasamningsgerðina og hvernig ber að stilla málum upp, en ljóst er að enginn einn hópur vill stíga fram og hefja kjaraviðræður.

3. Trúnaðarráðstefna, drög að dagskrá.

Kynnt voru drög að dagskrá trúnaðarráðstefnunnar sem haldinn verður í Reykjanesbæ dagana 13 og 14 nóvember nk.

Ýmis málefni verða þar tekinn fyrir ss samstilling samninganefnda viðbragðsáætlun vegna átaka á vinnumarkaði, skipulag verkfalla og fl.

Þá mun stjórn vinnudeilusjóðs verða með tilbúna áætlun um greiðslur á verkfallstyrk og hvernig þeim málum verði háttað komi til slíkra aðgerða.

Jens fór yfir og kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir sjóði sambandsins fyrir árið 2015 og var hún samþykkt af hálfu miðstjórnar.

4. Tilnefning í Sveinsprófsnefndir (sterk-og veikstraum)

Borist hefur erindi frá Starfsgreinaráði rafiðnaðargreina, þar sem fram kom að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sent starfsgreinaráði bréf þess erindis að það tilnefni menn í sveinsprófsnefnd sterkstraums og veikstraums.

Allir núverandi sveinsprófsnefndarmenn sem tilnefndir voru fyrir 4 árum gáfu kost á sér áfram, svo það var einsýnt að þeir yrðu tilnefndir áfram.

Í sveinprófsnefnd sterkstraums eru því eftirtaldir:

Aðalmaður rafvirkjun Sigurður Sigurðsson

Varamaður rafvirkjun Stefán Sveinsson

Varamaður rafveituvirkjun Einar Ragnarsson.

Í sveinsprófsnefnd veikstraum eru eftirtaldir:

Aðalmaður rafeindavirkjun Davíð Einar Sigurðsson

Varamaður rafeindavirkjun Þorsteinn Jóhannsson

Varamaður símsmíði Andrés E Guðjónsson.

5. Skipan í starfshóp vegna fréttamála ASÍ.

Samþykkt var á síðasta þingi ASÍ að kanna grundvöll fyrir því að koma á fót fréttamiðli, blaði eða einhverjum öðrum miðli.

Miðstjórn ASÍ var falið þetta verkefni og verið er að stofna starfshóp til að sinna verkefninu.

Formanni falið að skoða þetta nánar og finna heppilegan mann til að starfa með hópnum.

6. Fastanefndir ASÍ.

Miðstjórnarmenn beðnir að skoða þetta, og hvort áhugi sé hjá þeim að halda áfram að starfa í þeim nefndum sem þeir eru í, í dag.

Á næsta fundi miðstórnar verður málið tekið fyrir, og skipað í nefndirnar.

7. Starfsmenntamál.

Innan verkalýðshreyfingarinnar hefur verið farið í átak til að reyna að fjölga félagsmönnum hreyfingarinnar til að ljúka námi. Það eru alltof margir sem ekki hafa lokið fullnaðarnámi né tekið neitt lokapróf.

Innan RSÍ hafa flestir lokið annaðhvort sveinsprófi eða sambæru prófi. Samþykkt var að fara í átak til að kynna það helsta, sem i boði er varðandi eftirmenntun s.s. Rafiðnaðarskólann.

Gjald í eftirmenntunarsjóði verkalýðsfélaga hækkaði um 0,1% 1 júní s.l. Orkuveita Reykjavíkur er eina fyrirtækið innan okkar vébanda sem ekki greiðir í eftirmenntunarsjóð RSÍ.

8. Önnur mál.

Í framhaldi af útvíkkuðum fundi Menntanefndar ASÍ um Hvítbókina, starfsmenntun og styttingu námstíma hefur verið ákveðið að blása til vinnufunda um þessa málaflokka. Markmiðið er að ná fram heildstæðri stefnu ASÍ til stuðnings fyrir vinnu-og samráðshópa sem skipaðir hafa verið af ráðuneytinu og fulltrúar ASÍ eru aðilar að.

Fyrri fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 12 nóvember og sá síðari þriðjudaginn 25 nóvember.

Ef einhver eða einhverjir hafa áhuga á að sitja þessa fundi þá þurfa viðkomandi að skrá sig hjá ASÍ fyrir 10 nóvember n.k.

Bára Halldórsdóttir vildi koma því á framfæri, að brotthvarf hennar frá RÚV hafi verið í fullri sátt við stjórnendur RÚV. En það hefur flogið fyrir að svo hafi ekki verið.

FÍS verður 100 ára 27. febrúar 2015, og bað formaður FÍS miðstjórnarmenn að taka þann dag frá, því halda ætti mikla veislu til að fagna tímamótunum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.15
Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.